

Kæru notendur,

Athugið að þetta uppkast á einungis við um notkun í Microsoft Word 2008 á tölvum með Intel-örgjörva. Word 2004 virkar ekki að fullu sem stendur en við munum lagfæra það mjög fljótlega. Einnig er yfirlestrarglugginn órlítið stríðinn og á það til að fela rauðu undirstrikin. Það er einnig stutt í lagfæringu þar.

Við fyrstu ræsingu Word er beðið um að hakað sé við „Enable access for assistive devices“. Endilega gerðu það og ræstu Word svo aftur að því loknu (það er léttur kvilli sem verður lagfærður).

Stillingar fyrir notkun Stafsetningar 2009 í Microsoft Word

Ræstu Microsoft Word 2008


Opnaðu tomt, nýtt skjal ef það gerist ekki sjálfkrafa

Veldu „Preferences“ af Word valblaðinu og síðan „Spelling and Grammar“. Þar skaltu haka við „Check spelling as you type“.

Þetta veldur því, að Word strikar undir röng eða vafasöm orð með rauðu eftir því hvaða tungumál er virkt í hverju skjali fyrir sig. Þú getur auðvitað kosið að hafa þennan kost óvirkan og notað bara yfi rlestrargluggann í staðinn.

Það er því algert grundvallaratriði að stilla tungumál hvers skjals eftir þörfum undir Tools > Language en þó er væntanlega mikilvægast að stilla sjálfgefna tungumálið eða það, sem er stillt á í upphafi þegar nýtt skjal er myndað.


Íslenska gerð að aðaltungumáli (ef þú notar íslensku mest):



Veldu „Language“ af valblaðinu „Tools“.



Veldu Icelandic og smelltu á „Default...” hnappinn.



Word spyr þá hvort þú viljir breyta sniðmátinu NORMAL og að þar verði íslenska sjálfgefið tungumál. Þú smellir þá á „Yes“.

Eftir það stendur tungumálistinn eftir opinn og þú getur smellt á „OK“ þar.

Þetta veldur því að næst þegar þú býrð til skjal er búið að stilla tungumálið fyrir þig á íslensku.

Þessa aðgerð þarftu bara að framkvæma einu sinni. Ef fl est skjöl sem þú skrifar eru ekki á íslensku geturðu valið hvaða annað tungumál sem er, en Stafsetning 2009 les þó einungis yfir þau sem eru merkt sem íslensk.

Tungumálum skjala breytt eftir á

Fljótlegast er að velja Edit > Select All (⌘A) og síðan Tools > Language.

Hnapparöndin

Hnapparöndin inniheldur nokkra gagnlega hnappa til að flýta fyrir þér.

1. ABC með grænu haki er til að birta eða fela yfirlestrargluggann
2. ABC með rauðu undirstriki er til að slökkva eða kveikja á yfirlestri við innslátt (sama og Preferences > Spelling and Grammar > Check spelling as you type).
3. Fjólublái hringurinn með spurningarmerkinu opnar leiðbeiningar á Stafsetning.is fyrir Word-tenginguna
4. Svarta tannhjólid birtir enn fleiri skipanir og í raun þær sömu og birtast efst á skjánum undir „W“ Word-merkinu.



Flýtihnappar

Word:

-Birta yfirlastrarglugga (⌘L)

Birtur er yfirlastrargluggi Stafsetningar ef tungumál skjals er íslenska, annars innbyggður yfirlastrargluggi Word. Helstu kostir yfirlastrarglugga Stafsetningar fram yfir þann innbyggða eru:

-Hann getur verið opinn samhliða skjalinu

-Það er hægt að nota flýtihnappa til að framkvæma leiðréttingar

Að gera tenginguna með öllu óvirka

Í stillingum Stafsetningar undir  > *System Preferences* > *Stafsetning* > *Word* má haka við „Nota Stafsetningu í Microsoft Word“

Þrjár aðferðir yfirlastrar

A. Yfirlæstur við innslátt

B. Yfirlæstrargluggi


A og B saman (eínungis mögulegt þegar Stafsetning 2009 sér um yfi rlestr á íslensku en ekki með innbyggðum yfirlæstri Word á öðrum tungumálum)

A. Yfirlæstur við innslátt


Þú getur látið Word strika undir öll vafaorð sjálfkrafa við innslátt eða ef skjöl eru opnuð.

Ef þú vilt ekki að Word striki undir vafaorð í sífellu geturðu slökkt á þeim möguleika í *Preferences* > *Spelling and Grammar* > *Check spelling as you type*

Þegar þessi valkostur er virkur







Ef þú opnar bara yfirlæstrargluggann er skjalið sjálf látið óhreyft hvað undirstrikanir virkar.

Ef þú ert með bæði undirstrikun virka í skjali og yfi rlestrargluggann opinn geturðu smellt á orðin með músinni hvort sem er í skjalinu eða glugganum til að velja þau.

Leiðrétt beint í skjali

Það eru tvær aðferðir við að leiðrétta vafaorð í skjalinu beint:

- Með innslætti
- Með fljótandi tillögum

Til að birta fljótandi tillögum þarf að smella inn í orð sem er strikað undir og biða í tvær sekúndur eða halda niðri valhnappi (⌘) og smella á orðið til að fá tillögurnar samstundis.

Þú koma á stöðuleika og skýrri s

glæpi stöðugleika hví væru framdir. S

eki Hunsu „stöðuleika“ sem má segja

si⁶⁴ taldi Nürnberg réttarhöldi

Dæmi um fljóttandi tillögu sem birtist í skjalinu sjálfu.

Yfirlustrarglugginn

Leiðréttingar

Leiðréttingar má velja með flýtihnöppunum sem eru sýndir fyrir framan þær. Athugið að yfirlustrarglugginn þarf að vera virkur svo flýtihnapparnir virki. Það sést á titilröndinni efst á glugganum hvort gluggi er virkur eða ekki.

Vafaorð sýnd í Word-skjali

Vafaorð eru sýnd sjálfkrafa við yfirferð í yfirlustrarglugga ef hann er virkur. Ef hann er hinsvegar opinn samhliða vinnslu í Word-skjali virkar það í öfuga átt og eltir þá textinn í yfirlustrarglugganum þann stað sem þú ert að vinna í. (ÓLOKID)

Smelltt á vafaorð í textahluta yfirlustrarglugga

Þú getur smelltt á undirstrikuð vafaorð í textahluta yfirlustrargluggans til að fá upp leiðréttingartillögur og sjá hvar það er staðsett í Word-skjalinu.

Aðrar aðgerðir

Líma texta og halda sniði

Við bara urðum að bæta þessum gagnlega möguleika við sem skortir sárlega í Microsoft Word. Flest forrit bjóða upp á möguleika á því að líma inn texta en þó án þess að afrita snið textans með. Þetta er ómissandi ef afrita á texta annars staðar frá inn í Word-skjöl.

Flýtihnappur: ^⌘V

Þekkt vandamál og algengar spurningar:


•Orð er rétt í skjali en samt er strikað undir það, þegar ég vel það er sama tillaga að leiðréttingu og orðið sjálft er - hvað veldur?
Í sumum skjölum eru ósýnileg tákni sem geta verið inni í miðjum orðum eða beint fyrir framan eða aftan þau. Þetta veldur því að Stafsetning greinir þau sem röng.

•Rauðu undirstrikin, eiga þau að prentast út?
Já þau gera það óhjákvæmilega ef þau eru virk en ættu að vera þér ágætis hvatning til að ljúka yfirferð. Þú getur einfaldlega slökkt á yfirlustrinum fyrir prentun til að losna við þau.

•Undir Compatibility Report í Word kemur fram að íslensk yfirlustrarverkfæri séu ekki til staðar og að ekki sé hægt að lesa yfi r íslenskan texta. Þetta er auðvitað rangt.

Check compatibility with:




Word 97 - 2008

 Check Document

Results:

1. Icelandic proofing tools are not installed
2. This document contains Unicode characters that might not display correctly in earlier versions of Office

...

 Fix ▾  Ignore ▾  Help

Explanation:

This document contains Icelandic text. Word cannot check spelling and grammar on Icelandic text unless the Icelandic proofing tools are installed. For more information about the proofing tools available in Word, click the Help button.

...

⌘^⌘